

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. janúar 2024 – auglýsing á tillögu að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Gufuness vegna endurskipulagningar á bílastæðum og Gufuness - Samgöngutenginga.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing á tillögum að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Gufuness vegna endurskipulagningar á bílastæðum og Gufuness – Samgöngutenginga birtist í Morgunblaðinu á morgun þ.e. fimmtudaginn 11. janúar 2024. Tillagan er í kynningu frá 11. janúar 2024 til og með 22. febrúar 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, www.skipulagsgatt.is

Gufunes 1. áfangi – Jöfursbás og Gufuness – Samgöngutengingar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13. desember 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 21. desember 2023 var samþykkt að auglýsa tillögur að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Gufuness vegna endurskipulagningar á bílastæðum og Gufuness - Samgöngutenginga. Í breytingunni sem lögð er til fyrir 1. áfanga Gufuness felst að skipulagsmörk fyrir Jöfursbás færast til austurs og stækkar skipulagssvæðið um 1,4 ha, auk þess sem bílastæðum við Jöfursbás er fjölgað um samtals 61 stæði. Gert er ráð fyrir gönguleið að og meðfram bílastæðum, til samræmis við aðliggjandi deiliskipulag. Í breytingunni sem lögð er til fyrir Gufuness - Samgöngutengingar felst að skipulagsmörk fyrir Jöfursbás færast til austurs og minnkar skipulagssvæðið um 0,8 ha. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillögurnar hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30-16:00 og föstudaga kl. 8:30-14:30 frá **11. janúar 2024 til og með 22. febrúar 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 22. febrúar 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.



**Með kveðju,
Helena Stefánsdóttir**

Verkefnastjóri

Sími: +354 411 1111

Skipulagsfulltrúi

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.